

um frumvarp til laga um harðindatrygging búfjár.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Höfundur þessa lagabálks, Torfi heitinn Bjarnason í Ólafsdal, var svo þjóðkunnur ágætismaður, að sjálfsagt er fyrir þing og stjórn að íhuga tillögur hans með hinni mestu athygli. Þó verður það enn sjálfsagðara, þegar þess er gætt, að við þetta mál var knýttur æfiáhugi hans og mikil vinna. Þótt heyafli landsmanna ykist að þriðjungi eða helmingi við umbætur frá hans hendi, sá hann þó, að þetta dugði eigi til þess að buga þúsund ára gamla búnaðarsynd landsmanna, horfellinn. Þess vegna lagði hann allan hug á að vinna á henni með öðrum brögðum. Er niðurstaða hans fólgin í frumvarpi þessu.

Við erum alveg á sama máli sem hann um það, að á engu riði meir, þegar bæta skal hag þessa lands, en einmitt því að tryggja bústofn bænda. En margföld reynsla sýnir að þeir eru eigi nægilega forsjálir og er því þörf samtaka. Þessi samtök verða þó aldrei nægilega trygg, nema löggjöfin leggi þeim sitt lið. Það liðsinni getur verið fólgið í tvennu, skyldulögum eða heimildarlögum. Við teljum rjetta skoðun höf. á þessum tveim löggjafarleiðum, enda var hann allra manna kunnugastur hugsunarhætti búanda. Skyldulög yrðu óvinsæl og þeim illa hlýtt, en flestir eða allir hreppar mundu gera samþyktir, ef þeir vissi að annars fengi þeir ekkert af opinberu fje, þótt aðrir taki það fyrir augum þeirra. En ef allir hreppar gerði samþyktir án þess að þeir væru skyldaðir til, þá mundi fást meiri áhugi almennings á málinu og því verða betur borgið.

Sjálfsagt teljum við, að skylt verði mönnum að taka upp í samþyktirnar þau atriði, sem eru nefnd í 4. gr. En þess viljum við geta, að í stað forðabúrs innan hreppsins, ætti að mega koma samningur við nálæga verslun um fyrirbyggjandi fóðurforða handa hreppnum, ef til þurfi að taka. Þó mætti engin hætta vera á flutningateppu að vetrarlagi, hvorki af ísalögum nje öðru.

Jarðarhundruð teljum við einmitt rjettasta gjaldstofninn fyrir fjártryggingargjaldið. Fjártala er stopull grundvöllur og mannfjöldi alveg ranglátur grundvöllur undir fjártryggingargjaldi. Annars væri vafalaust rjettast að koma þessum fjártryggingarsjóði á stofn svo sem til er tekið í frumvarpinu, en láta bjargráðasjóðinn haldast og vera til mannbjargar og tryggingar öðrum hlutum en búfje, þegar hallæri og landplágur ber að hendi. Bjargráðagjald á að sjálfsögðu að leggja á eftir fólksfjölda.

Ákvæði frv. um forðagæslu og hirðingar teljum við einkar heppileg og einmitt fjarska nauðsynlegt að eftirlitsferðum sje hagað sem segir í frv. Slíkt hið sama er um ákvæðin um sjóðinn og meðferð á honum. Við teljum og rjett að stjórnin leiti eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands þótt naumast þurfi að setja það í lög, þar sem Búnaðarfjelag Íslands er eigi annað en stjórnarráðsskrifsstofa og ráðunautar þess embættismenn, launaðir úr landssjóði, og því skyldir til að láta ljós sitt skína á stjórnina í öllum slíkum málum.

Tillögur okkar verða því þær, að lögin gangi fram án verulegra breytinga. En af því, að höf. vildi fá umsögn allra hreppsnefnda í landinu um lögin og af

Því að við teljum það rjett, þá leggjum við ekki kapp á að lógin gangi fram á þessu þingi. Viljum vjer því, að stjórnin fái Búnaðarfélagi Íslands frv. til umsagnar, en sendi það síðan ásamt nefndarálitum þingsins og umsögn Búnaðarfélagi Íslands til allra hreppsnefnda á landinu til álita og heimti svör af þeim svo fljótt, að tími vinnist til að leggja frv. aftur fyrir næsta þing.

Alþingi 1. ágúst 1915.

Bjarni Jónsson, Hjörtur Snorrason.
frá Vogu.